



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2013

Efni: Umsögn SI um skýrslu um raforkustreng til Evrópu, 59. mál.

Samtök iðnaðarins fagna því að iðnaðarráðherra hafi nýverið lagt fram skýrslu ráðgjafarhóps um mögulega lagningu raforkustrengs til Evrópu. Samtökin telja að þessi vinna sé grundvöllur að frekari skoðun á verkefninu þótt ljóst sé að enn sé langur vegur að því að strengur geti orðið að veruleika.

Ljóst er af samfélagslegri umræðu síðustu missera að áhugi á slíku verkefni er mikill. Bæði kann efnahagslegur ávinningur að vera umtalsverður en á móti því kunna áhrif á núverandi raforkunotendur að vera mikil og hugsanlega neikvæð. Í því samhengi má ekki bara horfa til heimilanna eins og borið hefur á undanfarið heldur þarf að hyggja sérstaklega að orkufrekum atvinnurekstri af öllum stærðum og gerðum. Undanfarin misseri hefur tiltölulega hagstætt orkuverð verið einn af fáum þáttum sem telja má til samkeppnisforkosts íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppninautum. Mikilvægt er að verja þetta forskot.

Ljóst er af efni skýrslu ráðgjafahópsins að mikil óvissa umlykur verkefnið. Sú óvissa veldur því að ekki er hægt að taka neina vitræna afstöðu til málsins án ítarlegra rannsókna og undirbúnings.

Samtök iðnaðarins eru hlynnt því að áfram verði unnið að athugun á hagkvæmni þess að leggja raforkustreng til Evrópu enda benda forathuganir til að verkefnið geti verið þjóðhagslega arðbært. Að mati samtakanna má sú athugun alls ekki verða til þess að hamla frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi á næstu misserum. Mikilvægt er að núverandi viðskiptavinir Landsvirkjunar og aðrir tilvonandi geti þróast áfram og að ný verkefni orðið að veruleika þótt unnið sé að þróun raforkustrengs.

Flestir sem hafa fjallað um möguleika á raforkustreng eru sammála um að verkefnið sé bæði mjög kostnaðarsamt og áhættusamt. Ekki er ljóst hvernig áhættuþáttum verkefnisins yrði skipt og þar með vissum hlutum af mögulegum ávinningi af verkefninu í heild.

Samtök iðnaðarins leggja því áherslu á að áfram verði unnið að rannsóknum á möguleikum rafstrengs til Evrópu. Að eftir atvikum verði kappkostað að slík rannsóknarvinna verði boðin út á innlendum markaði.

Samtökin leggja áherslu á að vera þátttakandi í þeirri vinnu sem framundan er. Innan samtakanna eru félagsmenn sem nota yfir 85% raforku í landinu. Hagsmunir þeirra eru því miklir sem og samfélagsins í heild sinni.

Handwritten signature of Bjarni Már Gylfason in blue ink.

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI

Handwritten signature of Bryndís Skúladóttir in blue ink.

Bryndís Skúladóttir
Forstöðumaður umhverfismála